



Reykjavík, 13. ágúst 2018
VEL2018070023

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins 19. júlí 2018 sem vísað var til umsagnar velferðarsvið um húsnæði fyrir heimilslausa – R 18070088

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa miðflokksins vísað til velferðarsviðs:

1. *Hefur borgin skoðað að koma upp svæði þar sem boðið væri upp á rafmagn og hreinlætisaðstöðu fyrir heimilslausa sem kjósa að búa í tjöldum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum?*
2. *Hvers vegna er ekki búið að koma upp fleiri úrræðum fyrir heimilslausa í gámabyggð?*
3. *Enginn veit hvað heimilslausir sem eru óstaðsettir í hús eru margir, þó vettvangsteymi sé á ferðinni þá nær það ekki að snerta alla. Hvaða úrræði eru hjá borginni til að finna þá sem enginn veit um?*
4. *Hvað ætlar borgin að gera varðandi konur í neyslu sem eru húsnæðislausar? Stendur til að koma upp svipuðu úrræði og rekið er fyrir karla á Vin?*
5. *Hvers vegna sagði Reykjavíkurborg samningum við Samhjálp upp og á hvaða forsendum?*
6. *Það kom fram á fundi borgarráðs að 76 væru á biðlista í búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk, hvar dvelur þetta fólk á meðan það bíður?*
7. *SÁÁ hefur boðið lausnir vegna heimilslausra í neyslu og boðist til að byggja húsnæði í landi Víkur á Kjalarnesi. Slíku samstarfi var hafnað af borginni, hvers vegna?*
8. *Hver hefur verið þróun á fjölda rúma/gistinátta í gistiskýlum Reykjavíkur verið síðustu 4 ár?*
9. *Hvernig sinnir Reykjavíkurborg heimilslausum m.t.t. heilbrigðiseftirlits og heilsu, sérstaklega með mjög veika einstaklinga?*

Svar:

Með utangarðsþjónustu er átt við þjónustu fyrir hóp fólks sem af ýmsum ástæðum er heimilslaus og/eða utangarðs í samfélaginu. Í nágrannalöndum okkar er hópurinn kenndur við húsnæðis- eða heimilisleysi (e. homeless, d. hjemlös), en hér á landi hefur orðið utangarðsfólk verið notað og er um stærra hóp að ræða, þ.e. stór hluti þeirra býr í húsnæði. Algeng einkenni í þessum hópi eru fíkn og neysla, geðrænn vandi, frávik í

þroska, saga um áföll og félagslegir erfiðleikar - oftast en ekki blanda af þessum þáttum. Flestir sem tilheyra þessum hópi njóta fjárhagslegs stuðnings frá Tryggingastofnun vegna fötlunar og/eða örorku.

1. *Hefur borgin skoðað að koma upp svæði þar sem boðið væri upp á rafmagn og hreinlætisaðstöðu fyrir heimilislausu sem kjósa að búa í tjöldum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum?*

Íþrótt og tómstundasvið Reykjavíkurborgar hefur haft umsjón með tjaldsvæði Reykjavíkurborgar í Laugardal og hefur gert samning við Farfugla ses um rekstur tjaldsvæðisins. Síðastliðinn vetur var gerð tilraun með að hafa tjaldsvæðið opið yfir vetrartímamann og þá kom í ljós þörf einstaklinga og vilji til að hafa aðgang að slíku svæði árið um kring. Velferðarsvið telur mikilvægt að það séu fjölbreyttir kostir í boði í búsetu- og húsnæðismálum og hefur stýrihópi um stefnu í málefnum fólks með fjölþættan félagslegan vanda verið falið að skoða þennan kost sem og aðra.

2. *Hvers vegna er ekki búið að koma upp fleiri úrræðum fyrir heimilislausu í gámabyggð?*

Velferðarsvið hefur lagt áherslu á að fjölga smáhýsum (gámum) og hefur ítrekað óskað eftir fleiri lóðum fyrir slík hús. Á fundi borgarráðs þann 31. júlí síðastliðinn var samþykkt að fela umhverfis- og skipulagssviði að finna fimm lóðir fyrir allt að 25 smáhýsi. Í smáhýsum búa þeir einstaklingar sem eiga við fíknivanda að stríða, sem hamlar því að viðkomandi geti búið í almennu félagslegu leiguhúsnæði. Smáhýsi eru því að mati velferðarsviðs góður kostur fyrir jaðarsettasta hópinn.

3. *Enginn veit hvað heimilislausir sem eru óstaðsettir í hús eru margir, þó vettvangsteymi sé á ferðinni þá nær það ekki að snerta alla. Hvaða úrræði eru hjá borginni til að finna þá sem enginn veit um?*

Árið 2017 var gerð kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/fjoldi_utangardsfolks_2017_0.pdf. Sú kortlagning var m.a. gerð til að finna þá sem ekki voru með þjónustu vettvangs- og ráðgjafateymis (VoR) velferðarsviðs. Helstu aðilar sem koma að málaflökknum tóku þátt í þessari könnun, bæði frá félagasamtökum og stofnunum. VoR teymi velferðarsviðs fær reglulega ábendingar um einstaklinga sem dvelja t.d. í tjaldi eða bílastæðahúsum og þeirra verkefni er að bjóða þeim einstaklingum aðstoð. VoR teymið gegnir því mikilvægu hlutverki varðandi það að finna þá sem eru heimilislausir.

4. *Hvað ætlar borgin að gera varðandi konur í neyslu sem eru húsnæðislausar? Stendur til að koma upp svipuðu úrræði og rekið er fyrir karla á Vin?*

Í uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk, sem samþykkt var í borgarráði 22. ágúst 2017 er gert ráð fyrir nýju heimili fyrir einstaklinga í vímuefnaneyslu og með geðfötlun (með tvígreiningu). Um er að ræða húsnæði fyrir bæði karla og konur.

Vin er rekið af SÁÁ samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Þar sem um er að ræða áfangaheimili þar sem fram fer endurhæfing og langtímastuðningur fyrir hóp sjúklinga sem lokið hafa vímuefnamedferð hefur velferðarráðuneytið greitt styrk af safnliðum fjárlaga sem rennur inn í þjónustusamning velferðarsviðs við SÁÁ. Forsenda fyrir því að sambærilegt úrræði og Vin verði opnað fyrir konur

er samstarf við velferðarráðuneytið þar sem um hóp sjúklinga er að ræða. Rétt er að taka fram að þeir sem dvelja á Vin eru hættir neyslu vímuefna. Nýr stýrihópur sem skipaður var 10. ágúst sl. mun m.a. fjalla um húsnæðismál þessa hóps og gera tillögur þar að lútandi

5. *Hvers vegna sagði Reykjavíkurborg samningum við Samhjálp upp og á hvaða forsendum?*

Velferðarráð ákvað á fundi sínum þann 12. febrúar 2015 að fela velferðarsviðið rekstur gistiskýlisins. Helsta markmiðið var að koma upp samfelldri þjónustukeðju og tengja betur saman þau fjölmörgu úrræði sem eru fyrir fólk sem er í virki vímuefnaneyslu, m.a. vettvangs- og ráðgjafateymið en starfsmenn veita ráðgjöf og stuðning til þeirra sem gista í gistskýlinu. Einnig hefur verið farið í sérstakt verkefni með Barkasamtökunum með það að markmiði að aðstoða pólska gesti skýlisins við að komast heim til Póllands í meðferð. Á sínum tíma, þegar ákvörðun var tekin um að taka yfir gistiskýlið hafði pólskum gestum fjölgað mjög mikið í skýlinu. Í dag hafa 24 einstaklingar þegið boð um meðferð á vegum samtakanna.

6. *Það kom fram á fundi borgarráðs að 76 væru á biðlista í búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk, hvar dvelur þetta fólk á meðan það bíður?*

Þann 1. júlí 2018 voru alls 76 á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fólk sem er heimilislaust og/eða með vímuefnavanda. Af þessum 76 voru 43 einnig á biðlista eftir almennu félagslegu húsnæði. Tæp 60% eru á aldrinum 25-39 ára og er um að ræða einhleypa karla og einhleypar konur. Enginn á þessum biðlista er með barn á framfæri og langflestir eru öryrkjar eða sjúklingar eða 94%. Af þessum 76 eru 42 sem eru skráðir húsnæðislausir. Þessir 42 dvelja m.a. í neyðarathvarfi á borð við Gistiskýli og Konukot.

7. *SÁÁ hefur boðið lausnir vegna heimilislausra í neyslu og boðist til að byggja húsnæði í landi Víkur á Kjalarnesi. Slíku samstarfi var hafnað af borginni, hvers vegna?*

Núverandi stjórnendur velferðarsviðs kannast hvorki við formleg né óformleg erindi frá SÁÁ með tilboði um lausnir sem vísað er til að ofan. Engin bréf finnast um slíkt í málaskrá skrifstofu velferðarsviðs. Að mati sviðsins er mikilvægt að skoða allar lausnir, m.a. umrætt húsnæði.

8. *Hver hefur verið þróun á fjölda rúma/gistinátta í gistiskýlum Reykjavíkur verið síðustu 4 ár?*

Eins og kemur fram í meðfylgjandi fylgiskjali þá hefur gistinóttum fjölgað í Gistiskýlinu við Lindargötu úr 7.070 nóttum árið 2013 í 8.942 nætur árið 2017. Flestar gistinætur voru árið 2016 eða 10.271. Í Konukoti hefur gistinóttum fjölgað úr 2.716 árið 2013 í 2.943 árið 2017. Flestar gistinætur voru árið 2016 eða 3.083. Sjá nánar um þróun gistinátta Konukots á velstat: <http://velstat.reykjavik.is/PXWeb/sq/e3d90210-ccf3-4114-8f0b-11247fc96980>


9. *Hvernig sinnir Reykjavíkurborg heimilislausum m.t.t. heilbrigðiseftirlits og heilsu, sérstaklega með mjög veika einstaklinga? Heilbrigðisþjónusta er á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda. Velferðarsvið hefur aðstoðað notendur við að nálgast heilbrigðisþjónustu og starfsmenn vettvangsteymis fylgja fólki eftir til að sækja þjónustuna. Félagsráðgjafar eru í mörgum tilvikum í nánu*

samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn vegna málefna einstaklinga. Velferðasvið hefur haft frumkvæði að því að óska eftir aukinni heilbrigðisþjónustu fyrir utangarðsfólk, meðal annars fundað sérstaklega með þáverandi heilbrigðisráðherra, Óttari Proppé, vegna málsins.

Fylgiskjöl:

Gistiskýlið fjöldi gesta og gistinátta 2013-2017

Virðingarfyllt



Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri